

I. O. O. F. 1008199 — I

Gamla Bíó

Fatty

á Dansleik.

Afskaplega hlægilegur Gamanleikur í 2 þáttum.

Einhver hinn skemtilegasti sem hér hefir verið sýnd.

Draumur litla drengsins.
Aukamynd.**Kranzar**

úr lifandi blómum fást í

Tjarnargötu 11 B.

DAGBOK

Andrés klæðskeri Andrésson hefir nú flutt verzlun sína og klæðskeravinnustofu á Laugaveg 3, í hús það er Jónas sál. Helgason átti lengi og allir Reykvingar kannast við. Hefir Andrés keypt það hús og látið breyta mikið og gera þar hina snotrustu búð með ágætum sýningar-gluggum út að götunni.

Frances Hyde kom hingað í gærmorgun norðan um land. Fer skipið einhvern næstu daga áleiðis til Bretlands aftur.

Kolaskipið norska, sem hingað kom um daginn, er of stórt til þess að hægt sé að taka það inn í höfnina með farminum öllum í. Verður að skipa nokkru af kolunum í land á bátum, en þegar skipið léttist mun það verða tekið að kolabryggjunni.

Kol og Salt félagið hefir selt landstjórninni þann hluta farmsins úr stóra kolaskipinu, sem það átti.

Meðalfarþega á Gullfossi til Ameríku eru Emil Nielsen framkvæmdastjóri og frú hans og barn, Magnús Kjaran verzlunarstjóri, Sigfús Björnson landlæknis, Arni Eggertsson erindreki og dóttir hans, alla um 10 farþegar.

Dráttarbatúur kom hingað í gær til þess að sakja hingað og flytja til útlanda barkskipið, sem Timbur- og Kolaverzlun Reykjavíkur hefir átt hér á höfninni, en nú er selt bandamönnum.

Vólplóg hafa Akurnesingar nýlega fengið frá Ameríku og selta að nota hann við garðrækt þar í stórum stíl.

Guðm. Hannesson prófessor liggur sem stendur veikur af inflúenzu.

S. Kjartansson

Box 383.

Reykjavík.

Útvegar allskonar rafmagnsvélar og alt annað er að rafmagni lýtur svo sem: Rafstöðvar, vira, lampa, ljósakrónur, allskonar hitunarvélar ó. fl.

To the little girl.

The unknown man would very much like to correspond with you, and would you mind very much to girl him your address.

Te og Kókó

er best hjá

Ol. Amundasyni

Laugaveg 22.

Eitt eða tvö

herbergi óskast til leigu 1. okt. Uppl. á Grundarstig 1.

Margarine

ágætar tegundir fást hjá

Ol. Amundasyni

Laugaveg 22.

Síðustu símfregnir.

Khöfn 17. ágúst.

Spánverjar hafa gert upptæk öll ýzk skip í spænskum höfnum.

Argentina kaupir þýzk skip.

Erlend blög segja frá því, að argentiska stjórnin hafi keypt mörg þýzk skip, sem lágu í höfnum í Suðurameríku. Er salan því skilyrði bundin, að Þjóðverjar fái skipin keypt aftur að ófriðnum loknum. En þau á nú aðallega að nota til matvælaflutninga til Norðurálfu.

Útböð

á

1.500.000 krónum**í nýjum hlutabréfum í Íslandsbanka.**

Samkvæmt umboði því, er stjórn Íslandsbanka hefir verið þar til gefið, hefir bankastjórnin ákveðið að auka hlutafé bankans um 1500.000 kr. þannig að hlutaféð verði alls 4.500.000 kr.

Þeir, sem óska að skrifa sig fyrir nýjum hlutabréfum snúi sér til Íslandsbanka í Reykjavík eða útbúa hans á tímabilinu **20.—26. ág. þ. á.**

Rétt til að skrifa sig fyrir hlutabréfum hafa að eins eldri hluthafar og þannig að hverjar 200 krónur í eldri hlutabréfum veita rétt til að skrifa sig fyrir 100 krónum í nýjum. Skuldbindingin um hlutabréfakaupin er skrifleg og bindandi. Við undirskrift skuldbindingarinnar skal sýna eldri hlutabréfin til áritunar.

Kaupverðið á hinum nýju hlutabréfum er 120 krónur fyrir hverjar 100 krónur og greiðast annaðhvort um leið og skuldbindingin er undirskrifuð eða 20 per cent þá þegar og afgangurinn fyrir 15. september, en þá skal greiða 6% vexti af því, sem ógildið er, frá 26. ágúst til greiðsludags.

Af hinum nýju hlutabréfum greiðist hálfur arður fyrir árið 1918.

Fyrir greiddar upphæðir verða gefnar bráðabirgðakvittanir, sem síðar verður skift á fyrir hlutabréf.

Þeir hluthafar, sem sakir fjarveru eða annara orsaka vegna geta ekki notað rétt sinn til hlutabréfakaupa nefnda daga, geta síðar snúið sér til bankans — í allra síðasta lagi 24. september næstkomandi.

Reykjavík, 8. ágúst 1918.

Bankastjórn Íslandsbanka.**Dugleg stúlka**

getur fengið góða atvinnu á Alafossi.

Upplýsingar gefur

Sigurjón Pétursson.**Best að auglýsa í Morgunblaðinu.**